

Nr. 065 / 14 Vilhelm Þorsteinsson EA 11***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2410 IMO nr. 9223136
Smíðaður: Póllandi og Noregi 2000, stál
Stærð: 1632,5 brl. 3239 bt.
Mesta lengd: 78,96 m Skráð lengd: 69,34 m
Breidd: 15,94 m Dýpt: 9,5 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 19



Vilhelm Þorsteinsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 9. júlí 2014 var Vilhelm Þorsteinsson EA 11 á makrílveiðum með flotvörpu í Hvalbakshalla. Veður: Logn.

Skipverji sem var við störf á vinnsluþilfari var að taka kassa með frosnum fiski af vökvadrifnu færibaldi og raða þeim á vörubretti. Við þetta verk festist hægri hendi hans í bandinu og snérist upp á hana með þeim afleiðingum að hann slasaðist mjög illa.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og var þyrta með lækni send til skipsins til að flytja slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var einn að störfum þegar slysið varð. Hann var klæddur í vinnuslopp (frystihússlopp) og flæktist ermi hans í tannhjólum færibandsins. Fram kom hjá slasaða að vinnuslopparnir hefðu verið í misjöfnu ástandi og stundum erfitt að finna slopp í réttri stærð;
- að neyðarstöðvunarbúnaður var fyrir aftan slasaða í lofthæð en honum tókst, föstum í bandinu, með erfiðismunum að ná til hans og stöðva bandið. Slasaði taldi hnappinn hafa verið staðsettan á óheppilegum stað;
- að eftir atvikið var sett öryggishlíf yfir tannhjólin í færibandinu og neyðarhnappurinn færður á hentugri stað og í minni hæð þar sem hægt er að stöðva bandið m.a. með hnénu. Myndirnar hér að neðan sýna þær breytingar sem gerðar voru;



Rauða örin bendir á öryggishlífina (plast) sem sett var yfir tannhjólin eftir slysið



Neyðarstöðvun (rauður hnappur) á nýjum stað

- að slasaði taldi þessar breytingar koma í veg fyrir að svona atvik gerðust aftur;
- að ekki voru sérstakar verklagsreglur tengdar vinnu við færibaldið;

- að slasaði hafði mikla reynslu til sjós og verið á þessu skipi frá 2008. Hann var mjög vanur í starfi lestarmanns og við stöflun;
- að ekki var um óeðlilegan vinnutíma slasaða að ræða.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að slasaði gætti ekki að sér í varhugaverðri vinnuaðstöðu.

Nefndin telur að rétt hafi verið brugðist við með því að gera þær breytingar á vinnuaðstöðunni sem þurfti til að koma í veg fyrir endurtekningu slyssins og að auka öryggi áhafnar.